

47 Um 3. Penningabrjef það, sem hjer ræðir um, hefur eptir skýrslu yðar verið
15. marz skrásett á póststofunni í Reykjavík á póstsendingaskrá til Víðimýrar með fyrstu póstferðinni, en þegar póstpokinn frá Reykjavík til Víðimýrar var tæmdur þar, fannst brjefið ekki í honum, og var hann þó með ósködduðu innsigli póststofunnar í Reykjavík. Þar sem engin sönnun er komin fram fyrir því, að áminnt peningabrjef hafi á póststofunni í Reykjavík verið látið ofan í póstpokann til Víðimýrar, og sá, sem brjefið sendi, hefur fengið skaða sinn bættan af yður, verður ekkert endurgjald greitt fyrir þessa peningasendingu úr póstsjóði.

Í sambandi við það, sem að framan er sagt, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra póstmeistari, að leggja ríkt á við alla þá póstaðgreiðslumenn, sem þjer eruð skipaður yfir, að hegða sjer nákvæmlega eptir því, sem fyrir skipað er í 7. og 8. gr. í leiðarvísi fyrir póstaðgreiðendur 31. október 1872, um afgreiðslu böggla- og peningasendinga, og sjerstaklega, að þeir eigi að hafa votta eða að minnsta kosti póstinn við, bæði þegar þeir láta slíkar sendingar niður í póstpokana og póstskrinurnar, og þegar þeir opna póstskrinurnar og póstpokana til að taka upp brjef og sendingar, sem til póstaðgreiðslunnar eiga að fara, og ávallt bera það sem niður er látið og upp er tekið nákvæmlega saman við póstsendingaskrárnar og aðgæta, að allt sje með rjettum ummerkjum, og í annan stað að leggja svo fyrir, að þegar póstar eiga að taka við póstflutningi hvor af öðrum, þá skuli hlutaðeigandi póstaðgreiðandi eða brjefhirdir í votta viðurvist eða að minnsta kosti í viðurvist beggja póstanna gæta vandlega að því, að póstflutningnum sje skilað með rjettri tölu og rjettum ummerkjum.

48 Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu
19. marz um hallærislán. — Með brjefi þessu var Húnavatnssýslu veitt 2950 kr. hallærislán í viðbót við áður veittar 5000 kr. og hafði þannig alls fengið 7950 kr. hallærislán samkvæmt vilyrðinu í landshöfðingjabrjefi 26. ág. 1887, en Skagafjarðarsýsla hafði 7. nóv. f. á. fengið 10000 króna hallærislán samkvæmt fyrirheiti í sama landshöfðingjabrjefi. Bæði lánin skyldu afborgast með $\frac{1}{10}$ árl. auk vaxta 4% á ári.

49 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um
23. marz greiðslu lóðargjalds af fangahúsi. — Jafnframt því að endursenda yður hjer með, herra amtmaður, reikning þann yfir lóðargjald fyrir fangahúsið á Akureyri, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, dags. 13. f. m., undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, að með því að gjald það, er hjer ræðir um, verður eigi álitid að heyra til kostnaðar þess til fangahúsa, er samkvæmt tilsk. 4. marz 1871 sbr. 1. gr. laga 2. nóv. 1877 ber að greiða úr landssjóði, getur upphæð reiknings þessa, er greiða ber úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins, eigi orðið ávísad til útborgunar úr jarðabókar-sjóði.

50 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um að
6. apríl Skaptártunguhreppur skuli vera sjerstök mauntalsþinghá. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 4. p. m., viðvíkjandi beiðni hreppsnefnd-

arinnar í Skaptártunguhreppi um að tjeður hreppur verði gjörður að sjerstakri manntalspinghá með þingstað að Flögu, veiti jeg hjermeð samþykki mitt til þess að Skaptártunguhreppur í Vestur-Skaptafellssýslu verði sjerstök manntalspinghá með þingstað að Flögu, þó með því skilyrði, að hreppsnefndin komi upp óaðfinnanlegu og rúmgóðu þinghúsi á Flögu og skuldbindi sig til að viðhalda því síðan. 50
6. apríl

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir sýslumanninum í Skaptafellssýslu.

Brjef landshöfðingja til biskupsins um bráðabirgða-uppbót til prestakalla. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, 24. f. m., vil jeg hjermeð fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af fje því, sem ræðir um í 13. gr. b. 2. fjárlaganna fyrir árin 1888 og 1889, veitt bráðabirgðauppbót sú fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir : 51
6. apríl

- | | | |
|------------------------|-----|---------|
| 1. Staður í Grindavík | fái | 300 kr. |
| 2. Staður í Aðalvík | — | 600 — |
| 3. Tjörn á Vatnsnesi | — | 300 — |
| 4. Miðgarður í Grímsey | — | 400 — |
| 5. Höfði | — | 100 — |
| 6. Lundarbrekka | — | 300 — |
| 7. Saudlauksdalur | — | 250 — |
| 8. Skarðsþing | — | 250 — |

kr. 2.500

Þetta læt jeg eigi hjálða, að tilkynna yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, og skal jeg um leið geta þess, að jeg hefi í dag lagt fyrir landfógetann að greiða uppbótarfje þetta úr jarðabókarsjóði samkvæmt ráðgjafabrjefi 11. nóvbr. 1881 (Stjórnartíð. 1881 B. bls. 152.).

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um skilning á 3. gr. laga um verzlun og siglingar 7/11 1879. — Með brjefi, dags. 22. f. m., sem hingað hefur komið beina leið, hefur F. Jónsson á Ytri-bakka spurzt fyrir um, hvort hann sem sveitakaupmaður eigi hafi heimild til að neyta leyfis þess, sem þeim kaupmönnum, er reka fasta verzlun hjer á landi, er veitt með 3. gr. í lögum um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 7. nóvbr. 1879, að verzla á skipum hvar sem vera skal, með þeim einum skilyrðum, að fullnægja tollgreiðslu- og sóttvarnarlögum í einhverju löggiltu kaптúni og verzla eigi með áfenga drykki annarsstaðar en á löggiltum kaптúnum. 52
11. apríl

Útaf þessu skal jeg biðja yður, herra sýslumaður, að tilkynna spyrjandanum, að jeg verð að álíta, að heimild sú, sem um er rætt í 3. gr. ofanefndra laga, sje að eins veitt þeim, er reka fastar verzlanir þær, sem nefndar eru í 2. gr. sömu laga, þ. e. í kaupstöðum og löggiltum kaптúnum, en að heimild þessi nái ekki til þeirra, sem nefndir eru í 5. gr. laganna, sveitaverzluarmenn.